

Þjónustuáætlun

Samkomulag milli fjölskyldu og þjálfara

Þjónustuáætlun er samkomulag milli fjölskyldu og þjálfara á Æfingastöðinni um hvernig er best að haga samstarfi og koma til móts við þarfir og væntingar barnsins og fjölskyldunnar. Áætlunin inniheldur markmið og leiðir að þeim.

Markmið með þjónustuáætlun er að:

- sníða þjónustuna að þörfum hvorrar fjölskyldu
- stuðla að virkri þátttöku fjölskyldunnar í mótun og framkvæmd þjónustunnar
- stuðla að því að allir stefni að sama marki
- meta hverju þjónustan hefur skilað og hvernig samvinnan hefur gengið

Væntingar og þarfir vísa veginn

Til að koma til móts við væntingar og þarfir barnsins og fjölskyldunnar er nauðsynlegt að ræða það sem þeim þykir mikilvægt og telja brýnast að vinna að.

Hverju telja foreldrar að barnið þurfi helst af öllu að ná tökum á til að auka þátttöku í daglegu lífi?

Hvers er vænst af barninu, hvað langar það sjálf til að gera heima hjá sér, í skólanum eða í frístundum?

Hvernig er mögulegt að ná því fram? Hverjir geta tekið þátt í að hjálpa barninu að ná markmiðum sínum?



Hvernig er þjónustuáætlun gerð?

Til að fá yfirsýn yfir væntingar og forgangsörð er byrjað á því að ræða almennt um færni og þarfir barnsins og fjölskyldunnar. Umræðuefnin eru mismunandi eftir hverri fjölskyldu en geta til dæmis tengst:

- Heilsu og líðan barnsins
- Þroska barnsins (hreyfi-, mál- og félagsþroska)
- Færni í eigin umsjá og hreyfingum
- Samskiptum og tengslum við foreldra, systkini, önnur börn og fullorðna
- Tímstundum og áhugamálum
- Heimilisaðstæðum og stuðningi
- Samvinnu við aðra þjónustuveitendur

Fjölskylda og þjálfarar komast að samkomulagi um markmið, leiðir að þeim og hlutverk hvers og eins. Endurmat markmiða er tímasett.

Börn og ungmenni eru virkir þátttakendur í gerð þjónustuáætlunar þegar þau hafa aldur og þroska til. Þjónustuáætlun má gjarnan gera í samvinnu við aðra þjónustuaðila eftir atvikum og að ósk fjölskyldu.

Þjálfarar bera ábyrgð á að þjónusturáætlun sé framfylgt og hún endurskoðuð á réttum tíma.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra á og rekur Æfingastöðina. Æfingastöðin annast umfangsmestu sjúkra- og iðjuþjálfun barna hér á landi. Hlutverk hennar er að efla börn og ungmenni með skerta færni og stuðla að virkri þátttöku þeirra í samfélaginu.

Þú getur stutt starfsemina með kaupum á **happdrættismiðum, minningarkortum, Kærleikskúlunni** og **jólasveinaóróum**.

ÞJÓNUSTUÁÆTLUN

